AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðapóstsamninga.

Hinn 1. júlí 1986 var svissneska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna eftirtaldinna alþjóðapóstsamninga sem gerðir voru í Hamborg 27. júlí 1984 og undirritaðir fyrir Íslands hönd sama dag:

1. Þriðja viðbótarbókun við stofnskrá Alþjóðapóstsambandsins.
2. Almenn reglugerð fyrir Alþjóðapóstsambandið.
3. Alþjóðapóstsamningurinn.
4. Lokabókun alþjóðapóstsamningsins.
5. Starfsreglugerð alþjóðapóstsamningsins.
6. Samningurinn um póstböggla.
7. Lokabókun samningsins um póstböggla.
8. Starfsreglugerð samningsins um póstböggla.
9. Samningurinn um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
10. Starfsreglugerð samningsins um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
11. Lokabókun samnings um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
12. Samningurinn um póstfærslur.
13. Starfsreglugerð samningsins um póstfærslur.
14. Samningurinn um póstkröfusendingar.
15. Starfsreglugerð samningsins um póstkröfusendingar.

Gildistaka samninganna miðast við 1. júlí 1986.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. júlí 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

4. júlí 1986 Nr. 13

AUGLÝSING

um alþjóðafjarskiptasamninginn.

Hinn 3. júlí 1986 var skrásett hjá skrifstofu Alþjóðafjarskiptasambandsins fullgildingarskjal Íslands vegna alþjóðafjarskiptasamningsins sem gerður var í Nairóbí 6. nóvember 1982 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag.

Samningurinn öðlaðist gildi 3. júlí 1986.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. júlí 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.